

Skógræktarfélag

Hafnarfjarðar

V. Kaldárselsveg Hafnarfirði . Kt. 600269-4109, sími 5556455, Tölvupóst. skoghf@simnet.is

14.11.2020

Umhverfis og framkvæmdaráð Hafnarfjarðar

Helga Ingólfssdóttir

Málefni

Útivistarperlan í Gráhelluskógi

Sæl Helga,

Árið 1946 var Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar úthlutað svæði í Gráhelluhrauni til skógræktar.

Allt frá þeim degi hefur svæðið verið í umsjón Skógræktarfélagsins sem hefur plantað út skógarplöntum af ýmsum tegundum ásamt því að huga að umhirðu skógarins.

Skógurinn var strax í upphafi hugsaður sem útivistarsvæði hafnfirðinga. Á síðustu árum hefur aðgengi útivistarfólks að skóginum smámsaman verið skert, bílastæðið við skóginn tekið undir málargeymslu frá gerðum hestamanna í Hlíðarþúfum, afleggjarinn að bílastæðinu gerður að reiðstíg hestamanna í Hlíðarþúfum. Með tilkomu nýrra umferðamannvirkja (hringtorg og fl) hefur aðgengið enn versnað.

Skógræktarfélagið fagnar breytingu á göngustíg út úr skóginum sunnan megin en það leysir ekki aðkomuvandann inn í skóginn norðan megin.

Samkvæmt upplýsingum frá Sigurði Haraldssyni þá er útivistarfólki heimilt að nota bílastæði við hesthúsin í Hlíðarþúfum.

Frá bílastæðunum er engin tenging við skóginn með göngustíg.

Hér með óskar Skógræktarfélag Hafnarfjarðar formlega eftir því að Hafnarfjarðarbær sjái um lagningu göngustígs frá nyrsta hluta bílastæðis við Hlíðarþúfur að göngubrú við norðurenda Gráhelluskógar.

Sjá meðfylgjandi mynd sem sýnir hugsanlega legu á göngustíg frá Hlíðarþúfum að göngubrú við norðurenda skógarins.

Með þessari framkvæmd skapast 2ja km gönguhringur frá Hlíðarþúfum gegnum skóginn upp á göngustíginn (Halldórsstíg) og til baka að Hlíðarþúfum.

Merkja þarf gangbraut yfir Kaldárselsveginn ásamt öðrum merkjum sem vísa leiðina inn í skóginn bæði norðan og sunnan megin.

Einnig þarf að merkja aðkomu að bílastæðinu um að þarna sé bílastæði fyrir Gráhelluskóg. Þetta er nauðsynlegt í ljósi framkomu hestamanna í garð útivistafólks.

Að lokum, Gráhelluskógur er í reynd falin náttúruperla sem allt of fáir vita af, með þessum úrbótum mun Skógurinn verða áhugaverður staður til útivistar.

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar er ávalt tilbúið til samvinnu um allt sem lýtur að því að gera Gráhelluskóg að fjölskylduvænni útivistarparadís.

Með von um góða samvinnu,



Sigurður Einarsson formaður, sig.e@arkitekt.is




Steinar Björgvinsson framkvæmdastjóri, steinsh@mmedia.is



Magnús Helgason formaður nefndar um Gráhelluskóg,
magnushelgason0@gmail.com





20201111_130932_resized.jpg

11/11/2020